

## Nefndarálit

um frv. til l. um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingis-  
manna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 1/1997, um  
Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Vigfús Ás-  
kelsson frá fjármálaráðuneyti, Þóreyju Þórðardóttur frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Guð-  
rúnu Zoëga frá kjararáði, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Stefán Baldurs-  
son frá Bandalagi háskólamanna og Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins. Þá  
hafa nefndinni borist umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi  
Íslands, Prestafélagi Íslands, Viðskiptaráði Íslands og Seðlabanka Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, al-  
þingismanna og hæstaréttardómara, verði felld brott í því augnamiði að færa eftirlaun þeirra  
til samræmis við lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lög  
gildi áfram um núverandi hæstaréttardómara og forseta Íslands út starfstíma þeirra. Þá er í  
frumvarpinu gerður sá almenni fyrirvari um að áunnin réttindi haldist.

Nefndin ræddi lagaskilaákvæði frumvarpsins með hliðsjón af því hvernig lífeyrissjóða-  
kerfi opinberra starfsmanna er uppbyggt og með hliðsjón af því mikilvæga sjónarmiði að  
menn haldi áunnum réttindum. Nefndin ræddi vægi lífeyrisréttinda í kjörum alþingismanna  
og ráðherra og heimildir og skyldur kjararáðs til að taka mið af þeim réttindum við ákvarð-  
anir um laun. Þá ræddi nefndin hugmyndir um að þeir sem frumvarpið tekur til gætu valið  
sér lífeyrissjóð en það er í andstöðu við það fyrirkomulag að skylda almennt launafólk til að  
greiða lífeyrisiðgjöld í tiltekinn lífeyrissjóð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir og Ármann Kr. Ólafsson skrifa undir álit þetta  
með fyrirvara.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álit  
þessu.

Alþingi, 2. mars 2009.

Árni Þór Sigurðsson,  
varaform., frsm.

Ellert B. Schram.

Gunnar Svavarsson.

Jón Bjarnason.

Birkir J. Jónsson.

Pétur H. Blöndal,  
með fyrirvara.

Ragnheiður E. Árnadóttir,  
með fyrirvara.

Ármann Kr. Ólafsson,  
með fyrirvara.